



Efni: Umsögn mannaúðs- og starfsumhverfissviðs um tillögu borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fjölgun sumarstarfa fyrir ungmenni.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi tillögu um fjölgun sumarstarfa fyrir ungmenni á fundi borgarráðs 15. júní sl.:

Borgarráð samþykkir að fjölga sumarstörfum fyrir ungmenni. Undanfarin tvö sumur hefur borgin boðið upp á störf fyrir 17 ára og eldri og er lagt til að slíkt verði einnig gert í ár. Á síðasta ári var áætlaður heildarkostnaður vegna ráðninga í 200 störf í sex vikur áætlaður á 127 milljónir króna.

Óskað var eftir umsögn mannaúðs- og starfsumhverfissviðs 21. júní sl.

Reykjavíkurborg hefur undanfarin 3 ár auglýst ríflega 1000 sumarstörf og auglýsti í ár 940 sumarstörf. Vegna eðli sumarstarfa og reglugerðar um vinnu barna og unglunga þá eru aldursskilyrði í stærsta hluta þeirra 18 ár en einstaklingar fæddir 2006 (16-17 ára) geta sótt um hluta þeirra starfa. Ekki var veitt sérstök fjárveiting í ár til sköpunar sérstakra sumarstarfa fyrir 17 ára einstaklinga (fæddum 2006) líkt og gert var vegna ástands á vinnumarkaði síðastliðin 3 ár í Covid. Þá var sumarstörfum fjölgað um 200 fyrir 17 ára einstaklinga í 6 vikur.

Atvinnuástand á vinnumarkaði er nokkuð gott þessi misserin og atvinnuleysi í Reykjavík var 3,4% á höfuðborgarsvæðinu í maí sl. miðað við 4,2% á sama tíma á síðasta ári. Það hefur sýnt sig að þegar almennt atvinnuleysi eykst á 17 ára hópurinn erfiðara með að fá sumarvinnu og þegar ástand á vinnumarkaði er með þeim hætti hefur Reykjavíkurborg brugðist við með því að horfa sérstaklega til þessa hóps hvað varðar sumarvinnu og skapað viðbótar sumarstörf. Í dag er eftirspurn á vinnumarkaði eftir starfsfólki. Einstaklingar fæddir 2006 hafa því átt auðveldara með að fá sumarstarf á almennum markaði í ár miðað við þegar atvinnuástand er erfiðara og minna framboð er á störfum. Að sjálfsögðu henta ekki öll störf 17 ára ungmennum en skv. reglugerð um vinnu barna og unglunga þá mega 17 ára vinna flest störf nema þau sem teljast hættuleg eða líkamlega mjög erfið og mega ekki vinna með hættuleg efni eða vélar.

Vinnuskóli Reykjavíkur ræður ungt fólk á aldrinum 15 til 16 ára en þegar ungmenni verða 17 ára sækja þessir einstaklingar um laus sumarstörf hjá borginni. Einstaklingar sem eru 17 ára eru því í samkeppni um störf við eldri og reynslumeiri einstaklinga. Þegar atvinnuástand er erfitt og minna er um störf getur verið erfitt fyrir þennan hóp að fá sumarstarf þar sem bæði aldur þeirra og minni reynsla verður erfið í samkeppni um sumarstörf sem auglýst eru. Sérstaklega er mikilvægt huga að viðkvæmum hópum s.s. ungu fólki með greiningar sem mikilvægt er að fái starf við hæfi og upplifi fyrstu skref sín á vinnumarkaði jákvæð og uppbyggjandi. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að 17 ára einstaklingar eru skv. skilningi laganna börn og mega því ekki gegna nema ákveðnum störfum og hafa svið borgarinnar því sérstaklega hugað að því undanfarin ár og skilgreint sérstök störf sem 17 ára einstaklingar mega sinna. Því var samþykkt á fundi borgarráðs 7. apríl 2022 að skipa starfshóp sem myndi koma með tillögur að framtíðarfyrirkomulagi sumarstarfa fyrir 17 ára. Starfshópurinn hefur verið að störfum og unnið að sviðsmyndagerð um hvernig sumarstörf fyrir 17 ára einstaklinga geti litið út til framtíðar, greint þörfina fyrir sérstök sumarstörf og einnig skoðað fyrirkomulag

sumarstarfa fyrir 17 ára einstaklinga hjá nágrannasveitarfélögunum. Starfshópurinn skilaði áfangskýrslu í mars sl. til sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs og lagði til í henni að bjóða upp á og skapa sérstök sumarstörf við hæfi 17 ára einstaklinga sumarið 2023 og á sama tíma yrði sumarið nýtt í sérstakt þróunarverkefni varðandi þarfir fyrir sumarstörf sem taka mið að ungu fólki í viðkvæmri stöðu. Var það mat starfshópsins að slíkt þróunarverkefni myndi nýtast vel í vinnunni við kortlagningu á framtíðarfyrirkomulag sumarstarfa fyrir 17 ára aldurshópinn. Mannauðs- og starfsumhverfissvið lagði til að sköpuð yrðu 50 störf sem ætluð væru 17 ára ungmennum sérstaklega. Eftir mat á stöðu á vinnumarkaði var ákveðið að veita ekki fjármagni til sköpunar sérstakra sumarstarfa til viðbótar við þau sem auglýst voru. Alls sóttu 259 17 ára ungmenni um sumarstarf í ár og var 62 ungmennum fæddum 2006 boðið starf hjá Reykjavíkurborg í sumar. Afar fáar fyrirspurnir um sumarstörf hafa verið frá foreldrum 17 ára ungmenna miðað við undanfarin ár sem er vísbending um að fjöldi starfa hafi svarað að miklu leyti fyrirbyggjandi þörf fyrir störf fyrir þennan aldurshóp.

Starfshópurinn mun skila tillögum um framtíðarfyrirkomulag sumarstarfa fyrir 17 ára í haust þar sem velt verður upp ólíkum sviðsmyndum sem verða síðan nýttar við undirbúning sumarstarfa fyrir ungt fólk á næsta ári.

Virðingarfyllt

Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri
Mannauðs- og starfsumhverfissvið